

Halldór Halldórsson (kt. 250764-4059), bæjarstjóri f.h. bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, sem leigusali, og eigendur að Sundstræti 24, Ísafirði, sem leigutaki gera með sér svo felldan

GRUNNLEIGUSAMNING

1. grein

Leigusali selur leigutaka á leigu 703,0 fermetra lóð undir fjölbýlishús að Sundstræti 24, Ísafirði (land nr. 138780), skv. meðfylgjandi mæliblaði, dags. 18. september 2002 og skal hún leigð með þeim kjörum sem fyrir er haft í eftirfarandi greinum:

2. grein

Lóðin skal látin á leigu til 99 ára og sé leigutaka heimilt að selja og veðsetja leigurétt sinn, einan sér með þeim réttindum, sem lóðinni fylgja eða ásamt húsum og mannvirkjum á lóðinni. Réttur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki brjóti skuldbindingar þær, sem hann hefur undirgengist gagnvart lóðareigenda með leigusamningnum.

3. grein

Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld til opinberra þarfa sem lögð eru, eða kunna að verða á hina leigðu lóð. Leigutaki greiðir kostnað við þinglestur á leigusamningi.

4. grein

Ársleiga af lóðinni skal vera 1,5% - einn og hálfur af hundraði - af fasteignamatí lóðarinnar, eins og ákveðið er á hverjum tíma. Leigan er háð þeim ákvörðunum bæjarstjórnar sem í gildi eru á hverjum tíma. Leiguna skal greiða á skrifstofu bæjarstjórnar á Ísafirði og eru gjalddagar 12. janúar 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl og 1. maí ár hvert, fyrir árið sem fer í hönd, eða skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma. Sé leigan ekki greidd á gjalddaga reiknast dráttarvextir 1. hvers mánaðar þar á eftir, eða skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma. Dráttarvextir skulu reiknast eins og þeir eru á hverjum tíma. Fyrir lóðarleigunni og dráttarvöxtum er lögtaksréttur skv. lögum frá 16. desember 1885. Leigutaki og veðhafi eru skildir að hlíta því, er í lög verða sett ákvæði að leiga gangi á undan veðskuldum, sem á eigninni hvíla.

5. grein


Vilji bæjarstjórnin ekki að loknum leigutíma leyfa leigutaka með nýjum leigusamningi, að láta hús, sem þá eru á lóðinni, standa þar áfram skal bæjarstjórnin greiða leigutaka sannvirði mannvirkja eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands þeirra.

6. grein

Af samningi þessum skulu gerð þrjú samrit og heldur hvor aðili sínu eintaki og eitt til þinglýsingar.


Ísafirði, 20. september 2002

Vottar að dagsetningu, fjárræði og undirskrift aðila:



nafn og kennitala

280852-2019



nafn og kennitala

846958-4419

A-01038/2002

Skjal nr.


Móttekið til þinglýsingar

05 DES. 2002

Frumrit stimplað
með kr. 16.900.

INNFÆRT

-6 DES. 2002



f.h. bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar,




Stu. umbo. Atla G. Atlason
þóris Guðmundsson
sem leigutaki

Árinnur Gunnarsson
sem leigutaki

Margrét Eyrjólfsdóttir
sem leigutaki

Sigrún B. Þórsdóttir
sem leigutaki



Ísafjarðarbær
Tæknideild
Mæliblað

Sundstræti 24, Ísafirði
Landnúmer: 138780
Flatarmál: 704 ferm.

Mælikvarði: 1:500
Ísafirði 18/9-2002
Mælt:
Reiknað:
Teiknað:

Blá nr.
01